

Fagráð pípulagna

Fagráð pípulagna hefur fundað aðeins einu sinni á árinu 2010. Áhersl á þeim fundi var þetta helst.

Hugleiðingar frá fagráði:

Nú þegar í undirbúningi er ný byggingareglugerð þurfa menn að gera sér grein fyrir hvaða viðbótarkröfur eru gerðar til verktaka og hönnuða.

Hér er sérstaklega til að taka að kröfur um lokafrágang verða miklu strangari. Skila þarf skýrslu um lokafrágang og úttektir sem gerðar hafa verið og kvittað á þær að þeim sé lokið. Skila þarf handbók og þar með öllum upplýsingum um efnisval og búnað sem tilheyrir byggingunni.

Gera má ráð fyrir að í stærri húsum verður ritstjóri handbóka væntanlega hönnuður kefisins, en pípulagningameistari þarf að varðveita öll gögn sem tilheyrir byggingunni og afhenda inn í handbók.

Þessi frágangur er ekki síður miklívægur fyrir minni hús einbýlishús, raðhús og blokkir þar sem t.d. er engin loftræsting eða allavega hlutfallslega lítil loftræsting, þar kemur til kasta pípulagningameistara að hafa umsjón með handbók. Setja saman í eina bók hönnunarforsendur, efnisval og tækjlista og fylgja þarf lýsingu á því hvernig viðhalda skal búnaðinum.

Það er mjög miklívægt að gera húsráðendum grein fyrir því að það þarf að sinna þessum búnaði og oftast er það þannig að eigendur hafa ekki þekkingu á þessu og því ekki hugmynd um hvort hlutirnir eru í lagi eða ekki. Það er algengt að engu sé sinnt fyrir en bilun verður sem getur hæglaega skapað vatnsskaða.

Rekstrarhandbók þessi þarf að vera einföld og taka á helstu atriðum sem húsráðandi á að fylgjast með og er pípulagningameistari ábyrgur um að kynna þessi atriði fyrir húsráðanda. Pípulagningameistarar þurfa að koma sér upp leiðbeinandi handbók og rekstrabók sem þeir geta notað sem viðmiðun.

Í rekstrarhandbók skal koma fram að nauðsynlegt er að kalla til fagaðila til að yfirfara kerfin minnst á 5 ára fresti, það þarf t.d. að sannprófa öll stjórnþæki um að þau vinni rétt, svo sem þrýstijafnara, ofnloka eða stjórnloka í gólfhita, öryggisloka, virkni hitastilla o s fr

Fagráð ákvað að endurtka fundargerð síðasta árs til að áréttta þau mál , þar sem ekki hefur verið tekið á þessum málum

Helstu atriði sem þá komu fram voru eftirfarandi :

Mikil breyting hefur verið á efnisvali síðustu ár. Ál-PEX-pípur með klemmdum samskeytum eru mikið notuð, þar eru pípur og tengi klemmd saman, PP-R plast með límdu samskeytum, þunnveggjastálpípur bæði í svörtu og ryðfríu með klemmdum tengistykkjum og síðan rör í rör kerfi sem eru PB-eða PEX-plastpípur, þar sem ekki eru samsetningar nema í tengikistum og við aftöppunarstaði. Það er sannmerkt með þessum kerfum að það þarf kunnáttu og æfingu til að umgangast þessi efni og verkfæri þurfa að vera frá viðurkendum aðilum. Sem dæmi er nauðsynlegt að tangir sem pressa pípur og tengistykki saman ,þurfa að vera frá sama framleiðanda og pípunar . Tangir þurfa að vera óslitnar og fara reglulega í stillingu til að tryggja að þær pressi rétt saman.

Rör í rör kerfið má alls ekki nota nema innan marka þess sem framleiðandi gefur upp svo sem heildarlengd frá dreifikistu að hverri tengingu og fjöldi beygja á leggnum, annars er ekki hægt að skipta um innra rörið. Ál-PEXID þarf að einangra á sama hátt og stálpípur og ef það er notað inn í gífsveggjum með stálstoðum skal slíta pípunar frá stoðunum með slífum því annars er hætt á því að pípur nuddist við stálstoðirnar og myndi hljóð við þenslur. Hönnuðir þurfa einnig að kynna sér rækilega allar reglur sem þarf að fara eftir og takmarkanir á því efni sem valið er, t.d. þarf að aðgæta að því ákvörðun um efnisval getur verið mismunandi á milli vatns-og hitaveitna á landinu. Upplýsingar um ráðgjöf um efnisval er á www.lagnaival.is

Öll þessi atriði eru víða brotin og þessu verður að breyta.

Fundarmenn höfðu einnig áhyggjur af lokafrágangi verka.

Algenzt er að hver fagaðili telur sig hafa lokið sínum verkþætti, án þess að heildarsamræming á milli fagaðila hafi farið fram. Þetta veldur oft byggjandanum vandræðum og skapar óánægju og fram koma kvartanir.

Nauðsynlegt er að fagaðilar og hönnuðir fari saman og geri úttektir og fari yfir virkni kerfanna til að tryggja að kerfin vinni skv.forskrift. Kom fram á fundinum að Umhverfissráðuneytið í samráði við LAFÍ er með í undirbúningi að löggilda úttektarmenn sem taki út lokafrágang kerfa og gera stikk prufur á fagmenn og hönnuði og flokka menn eftir gæðum.

Fundarmenn voru sammála um að koma á málstofu-fræðslufundi sem first til að ræða þessi mál ásamt fleiru sem tengist faginu, lagt er til að LAFÍ koma á slíkum fundi .

Ragnar Kristinsson
formaður fagráðs.